



Pistill framkvæmdastjóra

Ágætu félagar,

Árið 2010 var UMSE hliðholt. Starf aðildarféлага blómstrar sem aldrei fyrr og fjölgun íþróttagreina heldur áfram. An efa höfum við hér á starfssvæði UMSE á að skipa öflugum fólki sem er tilbúið að bjóða fram krafta sína í okkar mikilvæga starf. Það er ekki síst þessu fólki, ykkur, að þakka að rekstrargrundvöllur UMSE er tryggur næstu ár. Þannig hafa tekjur af íþróttaviðburðum og styrkir sveitafélaga það í för með sér að hægt er að halda úti öflugum starfi áfram. Það er okkar von að samstarf og samskipti aukist frekar við aðildarfélögin og þau sjái sér hag í því. Þess ber að geta að á 37. Sambandsráðsfundi UMFÍ, sem fram fór á Egilsstöðum, hlaut UMSE hvatningarverðlaun UMFÍ. Verðlaunin eru veitt sambandsaðilum fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótt- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

Sterkari samskipti

Sambandið tók til í samskiptamálum sínum á síðasta ári. Ákvörðun var tekin um að setja upp nýja heimasíðu sem væri bæði aðgengilegri fyrir félagsmenn og einfaldari í vinnslu. Í kjölfarið urðum við að gera nýja heimasíðu fyrir

Þorvaldsdalsskokið. Einnig var skipt um tölvupóstfang og er nú lénið umse.is nýtt til hlítar. Ekki er nóg með að aðgengi og vinna hafi einfaldast, heldur fölu þessar breytingar í sér töluverðan sparnað. Hið nýja kerfi sem við nýtum er byggt á lausn sem Google býður upp á og er það með öllu frítt. Á nýafstöðnum formannafundi UMSE var sama leið kynnt fyrir formönnum og þeim boðið upp á að nýta kerfi UMSE fyrir heimasíður og tölvupóst. Nú þegar hefur eitt félag hafið vinnslu í gegnum okkur og fara góðar sögur af því. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér málið betur er bent á að hafa samband við skrifstofu UMSE.

Unglingalandsmót

Undanfarin ár höfum við lagt meira upp úr þátttöku okkar á Unglingalandsmóti UMFÍ. Mótið hefur stækkað töluvert á síðustu árum og sífellt fleiri ungmenni leggja leið sína á vímuefnalaus íþróttahátíð um verslunarmannahelgina. Einstök stemmning hefur skapast í kringum þetta mót, þar sem fjölskyldan getur öll skemmt sér saman í öruggu umhverfi. Á síðasta móti voru keppendur UMSE 57 talsins og með fylgdarfólki voru um 150-200 manns á mótinu á vegum

Árspaning UMSE

90. árspaning UMSE mun fara fram á Þelamerkurskóla 5. mars 2011. Þingið hefst kl. 10:00 verður í umsjón Umf. Smárans. Tillögur sem á taka fyrir á þinginu þurfa að berast skrifstofu UMSE með góðum fyrirvara. Í kaffi samsæti þingsins verða að venju veittar viðurkenningar. Félög eru hvött til þess að senda fulltrúa sína á þingið, en þar eru málefni er varða UMSE og öll aðildarfélög þess rædd.

UMSE. Við höfum hug á að gera enn betur á þessu ári. Að þessu sinni verður mótið á Egilsstöðum, en þar er fyrir hendi frábær aðstaða til íþróttaiðkunar. Það er von okkar að geta sent keppendur í allar þær íþróttagreinar sem eru í boði á mótinu. Þess má geta að börn sem ekki hafa náð keppnisaldri hafa einnig fullt erindi á mótið. En mótshaldarar hafa hingað til lagt mikið upp úr fjölbreyttri afþreyingu fyrir alla aldursþópá.

Það er ánægjulegt að finna fyrir því að sífellt fleiri foreldrar kjósa að fara með börn sín á slíkan viðburð og með því sýnum við að við kjósum heilbrigðan lífstíl fyrir æsku okkar.

Útlit fyrir rólegt ár

Að svo stöddu eru engin stór verkefni fyrirleggjandi hjá UMSE, en síðustu tvö ár hafa verið býsna erilsöm og lítað starfsemi okkar töluvert. Þar er átt við Landsmót UMFÍ 2009 og Norðurlandamót 19 ára og yngri 2010. Þessi verkefni gengu ákaflega vel og jafnvel framfar björtustu vonum. Þess má geta að ef ekki væri fyrir dugnað og framtaksemi félaga okkar þá hefðu þessi verkefni ekki verið jafn vel úr garði gerð eins og raun ber vitni. Sér í lagi ber að þakka þennan góða árangur Hauki Valtýssyni sem stýrði báðum þessum mótum.

Nú horfum við fram á rólegri tíma hvað mótahald varðar. Þrátt fyrir það viljum við ekki sitja auðum höndum. Mikil umræða hefur farið fram hjá stjórn UMSE um að styrkja grasrótina og hefur sú umræða beinst helst að fræðslu að ýmsu tagi. Þessi mál verða áfram til umræðu og vonir standa til að mögulegt verði að bjóða upp á eða styrkja námskeið sem bæta starfsemi okkar og aðildarfélaganna enn frekar.

Fræðsla og menntun fyrir þjálfara

Sérsambönd innan ÍSÍ hafa sífellt verið að auka við framboð sitt af menntun fyrir

íþróttþjálfara. Þar hefur samræming og samvinna við Evrópu- og alþjóðasamtök spilað stórt hlutverk. Með því getum við aukið gæði þjálfunar hjá íþróttafélögum. Nýjung í þessari menntun er fjarnám. Þetta hefur gert enn fleirum kleyft að auka við menntun sína án þess að þurfa að ferðast yfir allt landið.

Vert er að nefna að einnig hefur verið aukið við fræðslu vegna þjálfunar barna með sérþarfir. Vonir standa til að með því sé hægt að veita enn fleirum kost á að leggja stund á tólmundaiðju sem rúmast innan áhugasviðs einstaklingsins.

UMSE hefur til þessa reynt að styrkja þjálfara til frekari menntunar og einnig geta þjálfarar sótt um styrki í ýmsa sjóði, þ.á.m. Landsmótssjóð UMSE 2009.

Ég vil því hvetja þjálfara og forráðamenn innan íþróttafélaga að vera vakandi fyrir þessum kostum. Því með því að auka menntunarstig þjálfara tókum við þátt í að styrkja starf okkar innanfrá.

Námskeið af ýmsum toga framundan.

Líkt og fyrr hefur verið greint frá hefur verið til umræðu hjá stjórn UMSE að standa fyrir námskeiðum og fræðslu til þess að styðja við innra starf félaganna, þar má nefna skyndihjálparnámskeið, námskeið í Felix, leiðtogaþjálfun o.fl. Einnig eru í boði ýmis námskeið hjá UMFÍ sem ferðast um landið til þess að gefa sem flestum kost á þátttöku.

Við hvetjum félaga okkar til þess að vera virkir þátttakendur í þessu og leggja áherslu á að sem flestir auki þekkingu sína á því starfi sem við tókum þátt í.

*Þorsteinn Marinósson,
Framkvæmdastjóri UMSE*

Afreksmannasjóður

15. desember 2010 var úthlutað úr afreksmannasjóði UMSE. Eftirtaldir fengu úthlutað úr sjóðnum:

Anna Kristín Friðriksdóttir, hestaíþróttir.

Hermann Sæmundsson, júdó.

Hjörleifur Einarsson, skíðaíþróttir.

Jakob H. Bjarnason, skíðaíþróttir.

Júlíana Björk Gunnarsdóttir frjálssíþróttir.

Kristján Rögnvaldsson, frjálssíþróttir.

Nanna Lind Stefánsdóttir, hestaíþróttir

Sigurður I. Rögnvaldsson, golf.

Stefanía Aradóttir, frjálssíþróttir.

Sveinborg Daniélsdóttir, frjálssíþróttir.

Bórdís Rögnvaldsdóttir, golf.

Landsmótssjóður UMSE 2009

Samþykkt var á ársþingi UMSE 20. mars 2010 að stofna Landsmótssjóð UMSE og nota til þess 6 milljónir af þeim hagnaði sem kom í hlut UMSE eftir landsmót UMFÍ á Akureyri sumarið 2009. Heitir sjóðurinn Landsmótssjóður UMSE 2009. Stjórn sjóðsins skal kjörin á ársþingi UMSE ár hvert og voru Anna Kristín Árnadóttir, Árni Arnsteinsson og Hringur Hreinsson kjörin í fyrstu sjóðsstjórnina. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári. Tilgangur sjóðsins er að styrkja ýmis verkefni í innra starfi UMSE, t.d. fræðslustarf, útbreiðslu- og kynningarstarf, auk annarra verkefna sem sjóðsstjórn metur að séu til þess fallin að efla innra starf UMSE.

Fjórar umsóknir bárust frá þremur félögum fyrir fyrri úthlutunina og fimm umsóknir frá fjórum félögum fyrir þá seinni.

Fyrri úthlutun ársins var 1. júní og hlutu þá eftirfarandi félög styrk:

- Knattspyrnudeild Umf. Svarfdæla 100.000 krónur.

- Umf. Æskan 150.000 krónur.

- Umf. Samherjar 100.000 krónur.

Seinni úthlutun ársins var 1. nóvember og þá hlutu eftirfarandi félög styrk:

- Golfklúbburinn Hamar 200.000 krónur.

- Steinunn Erla Davíðsdóttir Umf. Smáranum 50.000 krónur.

- Frjálssíþróttadeild Umf. Svarfdæla 100.000 krónur.

- Frjálssíþróttanefnd UMSE 100.000 krónur.

Næst verður úthlutað úr sjóðnum 1. júní 2011 og þurfa umsóknir að hafa borist til sjóðsstjórnar eða á skrifstofu UMSE fyrir 1. maí n.k.

Golfklúbburinn Hamar opnar inniaðstöðu

Golfklúbburinn Hamar á Dalvík opnaði 22. janúar síðastliðinn frábæra inniaðstöðu í Víkurröst á Dalvík. Þar er í boði einhver sú besta inniaðstaða til golfæfinga sem fyrir finnst á landinu. Mikill uppgangur hefur verið hjá klúbbnum undanfarin ár og

á þessi aðstaða eflaust eftir að styrkja starfið enn frekar. Aðstaðan býður upp á 18 holu þúttvöll, golfhermi o.fl. Frekari upplýsingar um aðstöðuna er að finna á vefsíðu Golfklúbbsins <http://ghd.blog.is>.

Frjálsíþróttir

Nokkuð hefur verið um annir hjá frjálsíþróttafólkinu undanfarið, En hrina meistaramóta hefur dunið yfir.

UMSE sendi 9 keppendur á MÍ 15-22 ára. Á mótinu unnu allir okkar keppendur til verðlauna. Þar var fremst í flokki Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir, en hún varð Íslandsmeistari í 60m grindahlaupi 15 ára stúlkna.

Þá sendi UMSE 7 keppendur á MÍ aðalhluta. Engin þeirra vann til verðlauna á mótinu enda allir keppendur í yngri kantinum.

Tvær stúlkur tóku þátt í MÍ í fjölþrautum og stóðu sig báðar vel.

Keppendur UMSE MÍ öldunga unnu svo til 3 Íslandsmeistaratitla. Anna Rappich varð Íslandsmeistari í 60m hlaupi í flokki 45-49 ára og langstökki og Sigrún Sverrisdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi í flokki 45-49 ára.

Framundan er þátttaka í Bikarkeppni FRÍ og MÍ 11-14 ára. Nánari upplýsingar um árangur er að finna á heimasíðu UMSE

UMSE fatnaður

Hægt er að fá UMSE gallann hjá skrifstofu UMSE. Þanta þarf gallann hjá framkvæmdastjóra eða hjá tengiliðum innan félaganna. Gallinn er seldur á kostnaðarverði. Gallinn er svo afgreiddur um leið og framleiðandi stendur skil á honum.

Þá eru til hjá okkur frjálsíþróttakeppnisbúningarnir. Þeir eru til í flestum stærðum meðan birgðir endast. Verð búningsins er 4000.- kr. á hverja flík.

UMSE hefur nú einnig til sölu hlífðarjakka merкта UMSE. Þeir eru bláir að lit, með merki UMSE á brjóstinu. Þeir eru til í stærðum S til XXL. Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri UMSE.



***Skrifstofa UMSE er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl.13:00-16:00.
Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.***

Útgefandi:

Ungmennasamband Eyjafjarðar

Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@umse.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson